

## Fundargerð

### stjórnarfundur Félagbústaða haldinn fimmtudaginn 17. mars kl. 16 (fjarfundur)

**Mætt:** Haraldur Flosi Tryggvason, Laufey Ólafsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir og Sigrún Árnadóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Gestir fundarins undir 1. dagskrárlið voru Sturla Jónsson endurskoðandi, Lárus Finnbogason formaður endurskoðunarnefndar og Kristinn Karel Jóhannsson fjármálastjóri.

#### 1. Ársreikningur 2021

Fyrir fundinum lá ársreikningur 2021 ásamt endurskoðunarskýrslu Grant Thornton og umsögn endurskoðunarnefndar.

Endurskoðandi gerði grein fyrir endurskoðunarskýrslu vegna reikningsins og formaður endurskoðunarnefndar fyrir umsögn endurskoðunarnefndar. Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri fóru yfir ársreikninginn og helstu liði hans.

Stjórn samþykkti ársreikninginn og var hann undirritaður með rafrænum skilríkjum.

#### 2. Skýrslur vegna starfseminnar 2021

Fyrir fundinum lágu skýrslur vegna starfsemi liðins árs; skýrsla áhættunefndar, sjálfbærnisráðgjafi og áhrifaskýrsla félagslegra skuldabréfa staðfest af endurskoðendum Félagbústaða.

Farið var yfir skýrslurnar og þær ræddar.

#### 3. Leiguverðsgrunnur; minnisblað vegna uppfærslu móldeisins

Málinu frestað til næsta fundar.

#### 4. Aðalfundur 2022: Skipulag, tillögur og fl.

Farið var yfir dagskrá, skipulag og drög að tillögum sem lagðar verða fyrir aðalfund Félagbústaða sem haldinn veður 31. mars nk. á skrifstofu félagsins.

Stjórnin samþykkti dagskrá fundarins og tillögur sem lagðar verða fram.

#### 5. Innri endurskoðun: Eftirfylgniúttekt á bókhalds- og uppgjörssferli

Greint var frá því að verkefni Innri endurskoðunar við eftirfylgniúttekt á bókhalds- og uppgjörferli Félagsbústaða væri lokið.

Stjórn Innri endurskoðun og stjórnendur Félagsbústaða fyrir þá vinnu sem lögð hefur verið í verkefnið og góðan árangur þess.

**6. Önnur mál:**

- a) Formaður greindi frá heimsókn borgarstjóra í liðinni viku og fundi sem hann átti með honum og stjórnendum Félagsbústaða. Einnig greindi formaður frá þátttöku sinni og Laufeyjar Ólafsdóttur á fundi endurskoðunarnefndar fyrr í vikunni.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl.17.10

Haraldur Flosi Tryggvason

Heiða Björg Hilmisdóttir

Laufey Ólafsdóttir